

3

29. jan.

L Ö G

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. a. Í stað 250% álags í A-lið 1. gr. laga nr. 93/1955, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., skal innheimta á árinu 1956 340% álag á vörumagnstoll.
- b. Í stað 45% álags í B-lið 1. gr. laga nr. 93/1955, skal innheimta 1956 80% álag á verðtoll.
2. a. Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal innheimta á árinu 1956 20 aura af hverjum lítra, þar af skulu 5 aurar renna í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga. Hækkun þessi tekur og til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi. Undanþegnir hækkuninni skulu þó 300 lítrar hjá hverjum eiganda.
- b. Á árinu 1956 skal innheimta af hverri bifreið og bifhjóli skatt, er sé jafnhár skatti þeim, er af þeirri bifreið ber að greiða fyrir árið 1955 samkvæmt c—e-liðum bifreiðaskattslaganna, þó þannig, að skattur þessi af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, skal aðeins vera kr. 45.00 af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra. Gjald þetta innheimtist með bifreiðaskatti og nýtur sömu lögverndar og bifreiðaskattur, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
- c. Á árinu 1956 skal innheimta af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 6 — sex — krónur í innflutningsgjald af hverju kg, og tekur þetta einnig til birgða þeirra, sem til eru í landinu hjá innflytjendum og heildverzlunum, þá er lög þessi öðlast gildi.
- d. Eigendur gjaldskylds benzíns, hjólarþa og slangna skulu innan 10 daga frá gildistöku laga þessara vera skyldir að tilkynna innheimtumönnum ríkissjóðs um birgðir sínar, svo og að aðstoða við að kanna birgðir sínar og mæla þær.

Innheimtumenn ríkissjóðs geta krafist um upplýsingar þær, sem getur í 5. málsgrein 5. gr. laga nr. 68/1949, og til að ganga úr skugga um það, að þær séu réttar, geta þeir framkvæmt sams konar athugun og tollyfirvaldi er heimiluð í síðustu málsgrein 13. gr. tollskrárlaganna.

Álögin á innflutningsgjöldin af benzíni, hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. janúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.